

196. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams miðvikudaginn 13. ágúst 2025 og hófst hann kl. 16.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Inga María Sigurðardóttir, Bjarni Sigurbjörnsson, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason.
Sigrún Ólafsdóttir boðar forföll.

Dagskrá

1. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar.

- 1.1 C&R Lodging ehf. sækir um nýtt starfsleyfi til reksturs veiðihússins við Norðurá, Borgarbyggð- gististaður og veitingastaður fyrir 17-50 manns. Leyfi gefið út 2. júní 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.2 Carbfix hf. sækir um tímabundið leyfi fyrir jarðborun á Grundartanga. Leyfi gefið út 12. júní 2025 og gildir til næstu áramóta. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins og engar athugasemdir bárust.
- 1.3 Tekkur ehf. sækir um breytt starfsleyfi vegna aukins gistiþláss á gististaðnum Kirkjufell view cottage á Innri Látravík í Grundarfirði. Fjöldi gesta er 20. Leyfi gefið út 18. júní og gildir í 12 ár.
- 1.4 Isea ehf. sækir um nýtt starfsleyfi á nýrri starfstöð á Hamraendum 1 í Stykkishólmi fyrir framleiðslu og þurrkun og þökkun á þörungamjöli sem ætlað er til fóðurs og matvæla. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins og bárust engar athugasemdir. Leyfið gefið út 12. júní 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.5 BV22 ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað á Pálstanga við Hvanneyri. Fjöldi gesta samkvæmt umsókn er 12 gestir. Leyfið gefið út 23. júní 2025.
- 1.6 ÁS rekstur og þjónusta ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir tjald- og gistivagnastæði á Granastaðalandi í Borgarnesi. Leyfi gefið út 8. júlí 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.7 Blackrock Mountain ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gistiheimili og lítið tjaldsvæði á Snorrastöðum í Borgarbyggð. Hámarksfjöldi gesta sbr. umsókn er 54 gestir í gistingu. Leyfi gefið út 10. júlí 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.8 Olís ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir nýja bensínstöð á Vesturbraut 4 í Búðardal. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins og engar athugasemdir bárust. Leyfið gefið út 7. júlí 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.9 Snæfellsbær sækir um starfsleyfi fyrir rekstur á vatnsveitu (500 til 1000 íbúa) á Vaðstakksheiði í Snæfellsbær. Vatnsveitan þjónar Hellissandi og og Rífi. Leyfið gefið út 21. júlí 2025 og er ótímabundið.
- 1.10 Snæfellsbær sækir um starfsleyfi fyrir rekstur á vatnsveitu (150 til 500 íbúar) úr Smálækjahlíð á Arnarstapa. Vatnsveitan þjónustar byggð á Arnarstapa. Leyfi gefið út 21. júlí 2025 og er ótímabundið.

- 1.11 Reykjarður hf. Miðskógi Dalabyggð, sækir um breytingu á starfsleyfi frá 1. desember 2023 fyrir eldishús (kjúklingahús nr. 1) fyrir eldiskjúklinga. Breytingin snýr að nú hefur kjúklingahús nr. 2 verið tekið í notkun. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins og bærust engar athugasemdir. Starfsleyfið gildir nú fyrir bæði kjúklingahúsin. Leyfið gefið út 1. desember 2023 og gildir í 12 ár. Leyfi breytt 9. júlí 2025 með tilkomu eldishúss nr. 2.
- 1.12 Camp2 ehf. sækir um uppfært/breytt leyfi vegna reksturs á Efra Nesi í Borgarbyggð. Um er að ræða breytingu er snýr að gististaðnum eingöngu. Fjöldi gesta er 10. Leyfi var gefið út 11. nóvember 2024 vegna gistingar og samkomustaðar með veitingum. Leyfi breytt í gististað 23. júlí 2025.
- 1.13 Eyri Farm ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstur gististaðar á Eyri í Kjós. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 13 gestir. Leyfi gefið út 22. júlí 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.14 Ferjuleiðir ehf. sækir um nýtt starfsleyfi til reksturs matsölustaðar með vínveitingaleyfi í Breiðafjarðarferjunni Baldri SH- 3039. Hámarksfjöldi gesta sbr. umsókn er 250 gestir. Leyfi gefið út 23. júlí og er gildistími leyfis ótímabundinn.
- 1.15 Mundialis ehf. á Leirulækjarseli í Borgarbyggð sækir um nýtt starfsleyfi fyrir aðstöðu til skurðar og pökkunar á grænmeti. Leyfi gefið út 24. júlí 2025 og er gildistíminn ótímabundinn.
- 1.16 Landamerki ehf. sækir um nýtt starfsleyfi til reksturs tjaldsvæðis við Kalmansvík á Akranesi. Leyfið gefið út 31. júlí 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.17 Stangaveiðifélag Reykjavíkur ehf. sækir um breytt/uppfært (vegna nýs rekstraraðila) starfsleyfi til reksturs gististaðar og mótuneytis í veiðihúsinu við Haukadalsá í Dalabyggð. Fjöldi gesta er 12 gestir. Leyfi gefið út 10. ágúst 2022 og gildir í 12 ár. Leyfi breytt 31. júlí 2025.
- 1.18 Viktor Steingrímsson sækir um starfsleyfi fyrir vatnsveitu (færri en 150 neytendur) og tjaldsvæði í Selskógi í Skorradal. Leyfi gefið út 5. ágúst 2025 og gildir í 12 ár.
- 1.19 Miðskógur ehf. sækir um yfirfært starfsleyfi fyrir vatnsveitu (matvælaframleiðendur/kúabú) á Kvennabrekku í Dalabyggð. Leyfi gefið út 10. júní 2025 og er gildistími ótímabundinn.

Skúli Hreinn Guðbjörnsson vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

- 1.20 Vignir G. Jónsson sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir kæli og frystigeymslur að Vesturgötu 119 Akranesi vegna mengunarvarna. Þar sem fyrirséð var að ekki yrði unnt væri að afgreiða starfsleyfi í tæka tíð áður en eldra leyfi rynni út var eldra starfsleyfi framlengt um 1 ár. Framlengt starfsleyfi gildir til 20. ágúst 2026, eða þangað til nýtt leyfi tekur gildi. Um heimild til framlengingar starfsleyfis er vísað til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvaris, m.s.br.

Lagt fram.

2. Tóbakssöluleyfi. Gildir í 4 ár.

- 2.1 Market Matvara ehf. Stillholti 2, Fresh Market á Akranesi sækir um endurnýjað leyfi til sölu tóbaks. Leyfi gefið út 28. júlí 2025 og gildir í 4 ár.
- 2.2 Verslun Einars Ólafssonar, Skagabraut 9-11, Akranesi sækir um endurnýjað leyfi til sölu tóbaks. Leyfi gefið út 10. júlí 2025 og gildir í 4 ár.
- 2.3 Drífa Skúladóttir /Hraðbúðin Hellissandi sækir um endurnýjað leyfi til sölu tóbaks. Leyfi gefið út 8. júlí 2025 og gildir í 4 ár.
- 2.4 Verslunin Kassinn ehf. Norðurtanga 1, Ólafsvík sækir um endurnýjað leyfi til sölu tóbaks. Leyfið var gefið út 13. ágúst 2025 og gildir í 4 ár.

Lagt fram

3. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 3.1 Bílaverkstæði Hjalta ehf. Smiðjuvöllum 15, Akranesi. Staðfesting skráningar fyrir bifreiðaverkstæði vegna umsóknar nr. 545094
- 3.2 Anna Björk Guðjónsdóttir Brautarholti 20 Ólafsvík. Staðfesting skráningar fyrir nuddstofu vegna umsóknar nr. 534821.
- 3.3 Hafdís Ösp Finnbogadóttir Vesturbraut 8, Búðardal. Staðfesting skráningar fyrir hárgreiðslustofu vegna umsóknar nr. 596206
- 3.4 Borgarverk ehf. Steðji Reykholti í Borgarfirði. Staðfesting á skráningar fyrir flutning úrgangs vegna umsóknar nr. 559564
- 3.5 Birgitta Rún Baldursdóttir Norðurgarði 14, Hellissandi. Staðfesting á skráningu fyrir dýrasnyrtistofu vegna umsóknar nr. 541918
- 3.6 Leifur Auðunsson, Garðabraut 2 Akranesi. Staðfesting á skráningu fyrir sjúkraþjálfun vegna umsóknar nr. 555390.

Lagt fram.

4. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns um eftirfarandi umsóknir um rekstrarleyfi.

- 4.1 Stúka ehf. sækir um leyfi til reksturs kaffihúss með vínveitingum í Stúkuhúsinu Garðaholti 3 á Akranesi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 40 gestir. Jákvæð umsögn send 20. júní 2025.
- 4.2 C&R Lodging sækir um rekstrarleyfi fyrir rekstur veiðihússins við Norðurá. – Gististaður í flokki IV-B, stærra gistiheimili með áfengisveitingum. Hámarksfjöldi gesta samkvæmt umsókn er 32 gestir. Jákvæð umsögn send 30. júní 2025.
- 4.3 Stangaveiðifélag Reykjavíkur ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar með áfengisveitingum í veiðihúsinu við Haukadalsá í Dalabyggð- Stærra gistiheimili IV-C. Hámarksfjöldi gesta samkvæmt umsókn er 12 gestir. Jákvæð umsögn send 31. júlí 2025.

Umsagnir til sýslumanns- tækifærisleyfi um eftirfarandi umsóknir

- 4.4 SamaMar ehf. sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á rokkhátíðinni Sátunni í Stykkisólmi 5. til 7. júní 2025. Jákvæð umsögn send 3. júní 2025.
- 4.5 Sker Restaurant ehf. sækir um tækifærisleyfi fyrir dansleiki í reiðhöllinni í Ólafsvík, 5. júlí 2025. Jákvæð umsögn send 12. júní 2025.
- 4.6 Keilufélag Akraness sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna pílumóts í Íþróttahúsinu á Vesturgötu, á írskum dögum á Akranesi. Jákvæð umsögn send 6. júní 2025.
- 4.7 Heiðar Valur Bergmann sækir um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna landsmóts bifhjólafélks í félagsheimilinu Þinghamri 26. – 28. júní 2025. Jákvæð umsögn send 6. júní 2025.
- 4.8 Hinsegin Vesturland, félagasamtök, sækja um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna dansleiks í Hjálmakletti í Borgarnesi 28. júní 2025. Jákvæð umsögn send 12. júní 2025.

- 4.9 Vinir Hallarinnar ehf. sækja um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á samkomunni/ útihátíð Lopapeysan á Akranesi 5. til 6. júlí 2025. Jákvæð umsögn send sen 30. júní 2025.
- 4.10 Bgrill ehf. sækir tækifærisleyfi til áfengisveitinga í reiðhöllinni í Borgarnesi á Fjórðungsmóti Vesturlands 2. til 6. júlí 2025. Jákvæð umsögn send 1. júlí 2025.
- 4.11 Gamla ráðhúsið ehf. sækir um tækifærisleyfi fyrir tónleikum í Bankasalnum á Borgarbraut 14 í Borgarnesi, 3. júlí 2025. Jákvæð umsögn send 2. júlí 2025.
- 4.12 Skógarmenn ehf. sækja um tækifærisleyfi fyrir fjölskyldu- útihátíð í Vatnaskógi í Hvalfjarðarsveit 31. júlí til 4. ágúst 2025. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 1000 gestir. Jákvæð umsögn send 25. júlí 2025.

Lagt fram.

5. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Borgarbyggð

- 5.1. Galtarholt 3 – Nýtt deiliskipulag hjólhýsabyggðar. Mál nr. 864/2025. Umsögn skilað 25. júlí 2025.
- 5.2 Skógrækt í landi Varmalækjar, matsáætlun Mál nr. 1026/2025. Umsögn skilað 12. ágúst 2025.

Grundarfjarðarbær

- 5.3. Miðbæjarreitir – Breyting á aðalskipulagi. Mál nr. 533/2025. Umsögn skilað 23. júlí 2025.

Stykkishólmur

- 5.4 Stykkishólmur Víkurhverfi- Breytt deiliskipulag. mál 590/2025. Umsögn skilað 30. júní 2025.

Hvalfjarðarsveit

- 5.5 Hótel Glymur / Saurbæjarland Heimar L172883, auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi), mál 576/2025. Umsögn skilað 9. júlí 2025.
- 5.6 Melahverfi I og II í Hvalfjarðarsveit, deiliskipulag greinargerð, mál 695/2025. Umsögn skilað 9. júlí 2025.
- 5.7 Höfn 2, stækkun byggingareita. mál nr. 948/2025. Umsögn skilað 12. ágúst 2025.
- 5.8 Katanesvegur 30 og 32 Grundartanga breyting á deiliskipulagi mál nr. 947/2025. Umsögn skilað 12. ágúst 2025.
- 5.9 Kúludalsland 2 og 4, skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu, mál nr. 303/2025.

Snæfellsbær

- 5.10 Amtmanshúsið á Arnarstapa- nýtt deiliskipulag. Mál nr. 851/2025. Umsögn skilað 23. júlí 2025.

Skipulagsstofnun

- 5.11 Matsáætlun fiskvegar í jarðgöngum við Barnafoss. Umsögn skilað 20. júní 2025.

Lagt fram.

6. Erindi frá Hvalfjarðarsveit um kjör í fastanefndir

Lagt fram bréf Hvalfjarðarsveitar dagsett 12. júní 2025 um afgreiðslu á 422. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar vegna breytinga í Heilbrigðisnefnd Vesturlands. Birkir Snær Guðlaugsson hefur beðist lausnar sem fulltrúi í nefndinni. Tilkynnt er að Inga María Sigurðurðardóttir kemur inn í stað Birkis og varafulltrúi verður Andrea Ýr Arnarsdóttir.

Birki Snæ er þakkað samstarfið og Inga María er boðin velkomin í heilbrigðisnefnd.

7. Fyrirhuguð breyting á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur

Lögð fram umsögn Samtaka Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi dags. 18. júní 2025 sem gerð er um breytingu á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir mál í Samráðsgátt nr. S-103-2025.

8. Erindi Líbra Lögmannna fh. Orkunnar IS ehf. vegna máls í Samráðsgátt nr. 136/2024.

- Lagt fram svarbréf Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dagsett 15. júlí 2025 þar sem svarað er bréfi Líbra lögmann fh. Orkunnar IS ehf. frá 27. maí 2025.
- Lagt fram bréf Líbra Lögmannna fh. Orkunnar IS ehf., svarbréf við bréfi Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags 15. júlí 2025.
- Lögð fram tillaga að svari heilbrigðiseftirlits við bréfinu.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að svara erindinu eins og það er lagt er fyrir nefndina.

9. Önnur mál

Tilkynnt að Arnór Vilhjálmsson, matvælafræðingur hefur sagt upp störfum og mun hætta þann 16. september 2025 skv. samkomulagi.

Fundi slitið 16.58